

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Bjallasel, Bjalladalur og Sveitin, deiliskipulag.

Byggðarráð í umboði sveitarstjórnar Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 22. júlí 2021 tillögu að deiliskipulagi fyrir 3 lóðir úr landi Efra-Sels, Bjallasel, Bjalladal og Sveitina. Gildandi deiliskipulag er fyrir Efra-Sel 3E síðan 27. nóvember 2018 og fellur það niður við gildistöku þessa skipulags. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 150 m² íbúðarhús, 200 m² skemmu, gróðurhús og útihús innan hvers byggingarreits auk 80 m² gestahúss. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 4. janúar 2022.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 18. janúar 2022